

Svar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um viðbragðsáætlun vegna eldsvoða í jarðgöngum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er til samræmd viðbragðsáætlun vegna eldsvoða í jarðgöngum, einkum þeim sem eru með eldfimum klæðningum? Oskað er eftir upplýsingum sundurliðuðum eftir jarðgöngum.

Í eftirfarandi töflu eru talin upp veggöng á Íslandi. Dýrafjarðargöng hafa ekki verið opnuð fyrir umferð. Gert er ráð fyrir að það verði gert í haust.

	Göng	Vegur nr.	Ár opnuð	Lengd m
1	Arnardalshamar	61	1949	30
2	Strákagöng	76	1967	800
3	Múlagöng	82	1990	3.400
4	Breiðadals- og Botnsheiði	60/65	1996	9.113
5	Hvalfjarðargöng	1	1998	5.770
6	Fáskrúðsfjarðargöng	96	2005	5.850
7	Almannaskarðsgöng I	1	2005	1.308
8	Héðinsfjarðargöng	76	2010	3.650
9	Héðinsfjarðargöng II	76	2010	6.910
10	Bolungarvíkurgöng	61	2010	5.400
11	Húsavíkurgöng	857	2017	990
12	Norðfjarðargöng	92	2017	7.908
13	Vaðlaheiðargöng	1	2018	7.490
14	Dýrafjarðargöng	60	2020	5.600
				64.219

Ekki er gerð samræmd viðbragðsáætlun heldur er gerð viðbragðsáætlun fyrir hver göng fyrir sig sem tekur mið af aðstæðum viðkomandi ganga. Til er viðbragðsáætlun fyrir öll göng utan Arnardalshamarsganga og Strákaganga. Unnið er að gerð viðbragðsáætlunar fyrir Strákagöng og verður hún tilbúin í sumar. Göngin eru komin til ára sinna og þarf að gera á þeim endurbætur. Sett verður upp sjálfvirkt stjórnkerfi sem hleypir áfram umferð í göngunum en lokar þeim fyrir gagnstæðri átt ef stór bill kemur þaðan að þeim. Þá verður hægt með fjarstýringu frá stjórnstöð að setja upp einstefnumferð ef til dæmis tímabundnar aðstæður

krefjast þess. Ekki er talin þörf á að gera viðbragðsáætlun fyrir göngin um Arnardalshamar vegna þess hve stutt þau eru (30 m).

Vegagerðin hefur nýlega fengið það verkefni að reka göngin um Húsavíkurhöfða og er verið að ganga frá drögum að viðbragðsáætlun. Viðbragðsáætlun Vaðlaheiðarganga er á forræði Vaðlaheiðarganga hf. Ekki er hafin gerð viðbragðsáætlunar fyrir Dýrafjarðargöng en undirbúningsfundir hafa verið haldnir með slökkviliði og lögreglu og búnaður ganganna kynntur.

Vegagerðin gerir viðbragðsáætlun fyrir veggöng í samráði við slökkvilið og lögreglu. Í samræmi við reglugerð nr. 614/2004 um brunavarnir í samgöngumannvirkjum skal brunahönnun samþykkt af byggingaryfirvöldum viðkomandi sveitarfélags. Viðbragðsáætlun telst hluti brunahönnunar. Í viðbragðsáætlun er gerð grein fyrir búnaði ganga. Viðbragðsáætlun er send umhverfisnefnd sveitarfélags til kynningar og samþykktar.